

Skólaráð Naustaskóla

11. fundur ársins 2011 þann 2. nóvember kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon.

Fulltrúar starfsmanna: Brynja D. Hermannsdóttir og Harpa M. Hermannsdóttir.

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Samræmd próf í 4. og 7. bekk.** Skólastjóri kynnti fyrstu niðurstöður samræmdu prófanna í 4. og 7. bekk sem eru nýkomnar í hús. Eftir er að greina niðurstöðurnar frekar m.t.t. útkomu í einstökum námsþáttum o.s.frv. en það verður gert á næstu dögum. Frekari umfjöllun á næsta fundi ráðsins.
- 2. Starfshættir nemendaverndarráðs.** Farið yfir reglugerð þar sem fjallað er um hlutverk og starfshætti nemendaverndarráða í grunnskólum. Skipan og hlutverk nemendaverndarráðs í Naustaskóla er í samræmi við reglugerðina en auk þess sem þar er fjallað um, fer ráðið með hlutverk eineltisteymis og áfallaráðs. Nokkuð rætt um aðkomu foreldra, þ.e. hvort ástæða sé í sumum tilfellum að kalla til foreldra eða bjóða þeim á fundi ráðsins þegar fjallað er um börn þeirra, það hefur ekki verið gert hingað til en er möguleiki sem vert er að hafa í huga.
- 3. Fjárhagsáætlun.** Rætt um fjárhagsáætlanir yfirstandandi árs og næsta árs. Bæjarstjórn er nú að afgreiða endurskoðun á fjárhagsáætlun ársins 2011. Í endurskoðuninni eru leiðréttingar vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu. Þar eru hins vegar ekki leiðréttingar vegna þess að húsaleiga og lausafjárleiga til Fasteignafélagsins hefur hækkað umtalsvert frá því sem áætlað var, kostnaður vegna rafmagns var vanáætlaður o.fl. Á móti kemur að tekjur s.s. af Frístund voru einnig vanáætlaðar nokkuð en hætt er við að einhver halli verði á rekstri skólans á árinu og þarf að gæta mikils aðhalds núna síðustu mánuðina af þeim sökum. Unnið er að fjárhagsáætlunargerð fyrir næsta ár, þar er ekki gert ráð fyrir niðurskurði hvað stöðuheimildir varðar og er það vel. Vörukaupa- og þjónustuliðir hækka um 2% milli ára en það heldur ekki í við verðlagshækkanir þannig að enn er um raunlækkun að ræða á þeim liðum. Áhyggjuefni er að rammi fjárhagsáætlunar gerir ráð fyrir 290 nemendum í Naustaskóla næsta haust en skólastjórnendur giska á að nemendur verði ekki undir 310. Úthlutun kennslustunda fyrir næsta haust tekur hins vegar mið af nemendafjölda eins og hann lítur út þegar innritun er lokið í febrúar-mars og þá er vonandi að "raunsannar tölur" verði komnar í ljós. Á næsta skólaári mun stöðugildi námsráðgjafa aukast úr 40% í 55%, örlítill aukning verður á úthlutuðum stjórnunarkvóta, þrjár til fjórar kennarastöður bætast við vegna fjölgunar nemenda og u.þ.b. ein skólaliðastaða vegna fjölgunar nemenda og stækkunar húsnæðis. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á úthlutuðum stöðuheimildum. Skólastjóri hefur skilað inn drögum að búnaðarlista og grófri fjárhagsáætlun vegna stofnbúnaðarkaupna í þann hluta húsnæðisins sem tekinn verður í notkun næsta haust en ekki er búið að afgreiða það mál.

4. **Fyrirkomulag námsmats.** Ákveðið að ræða þetta mál betur á næsta fundi þegar örlítil reynsla er komin á matsmöppur. Einnig lagt til að skólastjórendur noti fyrirhugaða "morgunkaffifundi" til að ná fram sjónarmiðum foreldra varðandi námsmatsmál. Aðeins er byrjað að huga að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár í skólanum, liður í þeirri vinnu er að Jón Baldvin, skólastjóri Giljaskóla, mun heimsækja kennarafund í næstu viku og gera grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið í Giljaskóla í tengslum við þetta.
5. **Matsáætlun.** Ákveðið hefur verið að allir grunnskólar bæjarins taki í notkun vefspurningakerfi sem kallast "Skólapúlsinn". Endurskoða þarf matsáætlun skólans nokkuð með hliðsjón af þessu.
6. **Skólareglur.** Gerð formlegra skólareglna er enn ekki lokið en beðið hefur verið eftir nýrri reglugerð sem snýr að þessum málum og er í smíðum í ráðuneytinu. Töluvert rætt um meðhöndlun agamála og þær leiðir sem hægt er að fara í þeim efnum. Fyrirhugað er að vinna við gerð skólareglna fari af stað um leið og umrædd reglugerð kemur út.
7. **Starfsmannahandbók.** Skólastjóri sendi út drög að Starfsmannahandbók fyrir fundinn, en hún er hluti skólanámskrár skólans. Skólaráðsfulltrúar eru hvattir til að senda inn ábendingar og athugasemdir um efnisatriði í handbókinni.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur verður miðvikudaginn 7. desember.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð